# Bréfa- og málasafn Benedikts Sveinssonar, 6. hluti

Bjarni Benediktsson – Benedikt Sveinsson – Íslendingasögur – Gissur Þorláksson – Kristnitaka

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Benediktarskjöl
Askja 5-15, Örk 2

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

fundið sönnust til þess, að hún hefir blekt og svikið sjálfa sig og helgustu köllun sína. Þar hefir hún heitast barist fyrir frelsi og sjálfstæði sínu og þjóðerni — og Þingvöllur á að geta vakið þjóðina til þess, að elska, byggja og treysta á landið, þótt alt það sem prýddi hann áður sé horfið, „því að aldrei deyr, þótt alt um þrotni, endurminning þess sem var“.

## 4. Grænland og Ameríka finnast.

Því trúðu menn á 10. öld, að stórt land væri vestur frá Íslandi og nefndu það Gunnbjarnarsker, eftir Gunnbirni nokkrum Úlfssyni, sem þóttist hafa fundið það. Fóru ýmsir að leita þess: Þeirra merkastur var Eiríkur hinn rauði Þorvaldsson. Hann kom frá Noregi til Íslands ungur að aldri með föður sínum og bjó fyrst að Dröngum í Strandasýslu. Hann var miður vel kyntur á Ströndum og fluttist því suður í Haukadal í Dalasýslu. Þar átti hann enn sökótt og flýði út í Öxney á Breiðafirði. Nokkru síðar var hann gjörður sekur og útlægur á Þórnesþingi. Þá kom honum til hugar, að leita að Gunnbjarnarskeri og byggja það. Hann bjó skip sitt í leyni með aðstoð vina sinna og sigldi frá landi út Breiðafjörð sumarið 982. Aldrei fann Eiríkur Gunnbjarnarsker, en í þess stað fann hann Grænland og dvaldist þar í þrjú ár, og bæ sinn þar nefndi hann í Brattahlíð, í Eiríksfirði. Hann kom aftur í Breiðafjörð 985 og kunni þá margt merkilegt að segja af þessu nýfundna landi. Kallaði hann Grænland, því að hann sagði, að munda fýsa menn farar þangað, ef nafnið væri fagurt.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

~~fallegt~~. Endvarðu margir til að fara þangað. Árið eptir fóru
25 skip úr Breiðafirði og Borgarfirði til Grænlands; mörg af þeim
týndust eða ~~ráku~~ rak aftur, en 14 komust til Grænlands. —
Íslendingar stofnuðu nýlendu á Grænlandi og settu
þar þing ~~hjá sér~~ og bundu stjórnarskipun sína íslenskum lögum.
Þessi nýlenda leið undir lok á 15. öld eða 16. — ~~Þeir sem~~ Þjóðflokkur sá er nú
byggja Grænland, er af Mongóla kyni, líktar menningar, ~~eru fastir af norrænu bergi brotnir~~; þeir eru
nefndu Íslendingar þá Skrælingja. ~~af kyni Mongóla og á lágu menningarstigi.~~

Merkastur af sonum Eiríks rauða var Leifur, sem
kallaður var hinn heppni; hann var fæddur ~~(á Drangum)~~
á Íslandi, en eigi í Noregi, eins og sumir Norðmenn segja.
Frá Grænlandi fór hann til Noregs og tók þar kristna trú af Ólafi
Tryggvasyni. Konungur sendi hann í kristniboð ~~erindum~~ til
Grænlands, en á þeirri leið hrakti hann vestur um haf
og kom loks að ókunnu landi. Þar fann hann hveitiakra
sjálfsána, vínviðarskóga o.s.frv. Þetta var árið 1000. Leifur
kallaði þetta land: „Vínland hið góða". Hann hefir komið að
austurströnd Norður-Ameríku. — Leifur kristnaði Grænland við-
stöðulítið. Eigi tók þó Eiríkur ~~gamli~~ kristna trú, því að hon-
um þótti hún lítilfjörleg og eigi við sitt skap; en kona hans var
vel kristin ~~trúar~~. Eigi leið á löngu þar til Þorsteinn, bróðir
Leifs, lagði af stað frá Grænlandi til þess að leita Vínlands.
Hann hafði tvö skip með 20 manns. Einn af þeim var
Eiríkur rauði; allir vildu hafa hann með, því að hann var
einhver hinn mesti sægarpur ~~sjómaður~~ og á hamingju hans treystu menn.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

PRENTSMIÐJAN GUTENBERG

ÞINGHOLTSSTRÆTI 6. TALSÍMI 71. PÓSTHÓLF 164. REYKJAVÍK.

3. örk, 2. próförk

Herra Benedikt Sveinsson.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

trúðu á goð og gyðjur; guðirnir voru 12 og eigi færri gyðjur. Hlutverk sumra goðanna var fremur smátt og flest þeirra lítið tilbeðin, nema Þór, Óðinn og Freyr. — Ég set hér höfuðþættina úr heiðinni trú feðra vorra:

a). Upphaf heimsins. (~~Mannsandinn spyr og leitar og svörin sambæ[illegible] fer ennþá misjöfn, eftir andlegum þroska þjóðanna~~). Frá alda öðli hafa mennirnir verið að glíma við hinar óleysanlegu spurningar um upphaf og endir alls, um lífið dauðann og mennina. Og forfeður vorir (~~[illegible]~~) vera engin undantekning í þessu; þeir sköpuðu sér barnalega, en þó jafnframt X ~~[illegible]~~ ~~[illegible]~~ (~~[illegible]~~) ~~[illegible]~~. Þeir höfðu það fyrir satt, að í upphafi tímans hefðu verið til 2 ólíkir heimar: Múspellsheimur (heimkynni ljóssins og hitans) og Niflheimur (þar sem kuldinn og myrkrið ~~átti aðal sín~~). Múspellsheimur var í suðri en Niflheimur í norðri. Milli þeirra var eintóm auðn, Ginnungagap. Þar myndaðist mannslíkami af ~~víxláhrifum~~ hrímsins úr norðri og hitans úr suðri. Það var jötuninn Ýmir, ættfaðir allra jötna og hrímþursa. Einnig myndaðist í Ginnungagapi kýr sú, er Auðhumla hét og nærði hún Ými með mjólk sinni. Á kynlegan hátt kviknuðu jötnar (kolk[illegible]) ~~mannlegar verur~~ af Ými þá er hann svaf. Auðhumla sleikti salta hrímsteina og kom þá úr steininum mannleg vera; hann var Búri kallaður og var hann fríður sýnum og máttugur. Hann var ættfaðir allra goðanna. Sonur hans hét Borr og átti hann Óðinn Vilja og Vé með Bestlu, dóttur Bölþorns jötuns. Bræður þessir drápu Ými ~~frænda sinn~~ og fluttu hann út í mitt Ginnungagap og sköpuðu af honum jörðina og himininn: „Úr Ýmis holdi — var jörðin sköpuð, — en úr sveita sjár. — björg úr beinum — baðmur úr hári, — en úr hausi himinn. En úr hans brám — gerðu blíð regin — Miðgarð

X háleita og veigamikla lífsskoðun, sem um langan aldur var sá grundvöllur, er þeir byggðu á lífsitt og framtíðarvonir, var þeim menningarlynd, þrótt og styrkur í lífsbaráttunni, dáðrík og drengilegra starfa. —

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

manna sonum;— en úr hans heila — voru hin harðmóðgu — ský öll sköpuð." Svo mjög blæddi Ými, að allir jötnar drukknuðu í því flóði, nema einn;— hann barg sér og ~~[illegible]~~ konu sinni á lúðri sínum, og mishepnaðist sú ráðagerð þeirra Óðins, að eyða þannig allri ætt jötna.

Borssynir mörkuðu himin tunglunum gang, svo skifta mætti tímanum eftir gangi þeirra. Þeir gengu ætt sinn með sjávar ströndinni og fundu tvö tré rekin. Þeir sköpuðu úr þeim karlmann og kvenmann, sem nefndust: Askur og Embla (Adam og Eva?). Þau voru mannkynsins fyrstu foreldrar. Var þeim síðan gefin bygð undir Miðgarði, en það var varnargarður kring um mannheim og goðaheim, gegn jötnum og hrímþursum. Jötunheimur var fyrir utan Miðgarð, með ströndum úthafsins;— þessi strandbygð kallaðist: Útgarður og hét aðal jötnahöfðinginn: Útgarða-Loki (mestur höfðingi jötna.). Í miðjum mannheim gerðu goðin sér borg, sem Ásgarður hét og bjuggu þau þar.

Her byrjar 3. örk

6). Á Iðavöllum lifðu goðin glöðu, kyrlátu og friðsælu lífi morgni tímans („... ~~tangir sköpu— og tól gerðu.~~— Tefldu í túni — teitir voru" o.s.frv.) — Þá var gullöld með goðum. „En allt er í heiminum hverfult" — æskan og unaðurinn átti sinn aldur. Baráttan í lífinu hófst, baráttan milli holdsins og andans. Goðin voru eigi flekklaus, því þau höfðu drepið Ými. Og svo virðist sem þá komi skapanornirnar til sögunnar og kynjakonan Gullveig (gullþorstinn?) Hin æðstu goðin ~~(iðkuðu á Iðavöllum?)~~. Þau brendu hana þrisvar, en hún lifnaði jafnáðum aftur, og var sú trú vorr, að hún lifði um aldur og æfi til Ragnaraka". Þess... voru í einskonar óttersamband við goðin; þær veittu ha...

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

manna og sköpuðu þeim aldur.

og langlífi (en einnig hið gagnstæða) sköpuðu manni aldur. En svo má segja, að þá fyrst sé gullöld guðanna horfin, þegar þeim varð á sú skyssa, að taka upp í goðatölu sína, Loka Laufeyjarson, af kyni jötna í báðar ættir, óþokkagrey

Goðin voru ófullkomin og breyskleikanum háð, eins og mennirnir sem sköpu þau í huga sínum. En þau voru miklu fullkomnari og máttugri en mennirnir, enda þótt þau í öllu lífi sínu væru mönnunum lík, hefðu allar mannlegar þarfir og ástríður og eiginleika. Þau áttu í sífeldri baráttu við jötna og aðra óvini, en einnig við girndir sínar (tilfinningar) og ástríður; og eigi var ávalt sem best samkomulag milli þeirra sjálfra innbyrðis, einkum eftir að Loki gerðist fóstbróðir Óðins.

c). Askurinn Yggdrasils. Barátta og viðhald mannlífsins er táknuð hjá forfeðrum vorum með djúphugsaðum líkingum um afar stórt tré, er þeir kölluðu Askinn Yggdrasils. Það er hvorttveggja í senn, líkingarmynd af lífssögu mannkynsins yfir höfuð, og lífi einstakra þjóða. Askurinn „breiddi sín lim yfir lönd yfir höf“, og grandaði honum hvorki eldur, járn eða sjúkdómar. Hann bar alltaf sígræn blöð. Þrjár aðal skapanornirnar, sem bjuggu undir rótum Asksins, héldu honum síungum. Þær jusu daglega helgu vatni yfir tréð úr Urðarbrunni, svo það eigi trénaði eða fúnaði. Þessar nornir hétu: Urður, Verðandi og Skuld. Þrjár rætur héldu trénu uppi. Ein var hjá goðunum á himni og undir henni var Urðarbrunnur; þar áttu goðin dómstað sinn, og riðu þangað daglega uppi um Bifröst (brúin milli himins og jarðar = regnboginn). Önnur rótin var hjá hrímþursum og jötnum. Þar undir var Mímisbrunnur

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

 Undir ~~þeim~~ hennar er Hvergelmir.

Þriðja rótin var hjá Niðhögg í Niflheimi.

F. Úr Urðarbrunni fékk Askurinn blessun, hreinleik og langlífi, með aðstoð nornanna. Hann táknar (máske) framaflið, sem heldur lífinu við, frá því óþekta og framspeki mannsandans, sem eigi er af jarðneskum rótum runnið. Mímisbrunnur var viskulind, sem Mímir jötunn réð yfir. Þótt Óðinn væri viskugað og aflaði sér visdóms með eigin rannsókn, þá var honum þó þörf á meiri visku, annars eðlis og af jarðneskum uppruna. Hann lét annað auga sitt að veði til Mímis fyrir drykk úr brunninum. Augað glataðist eigi; það var alt af geymt í brunninum. Aldrei gat Óðinn leyst aftur til sín þetta veð og var því jafnan einsýnn síðan. Í Mímisbrunni var visdómur og ráðkænska falin og þar eð Óðinn vildi og þarfti að andga anda sinn veruleikanum í lífinu og því jarðneska, hlaut hann um leið að tapa að minstakosti hálfri sjón á hina hreinu eilífu og ódauðlegu. — Svo virtist, sem þetta hafi vakað fyrir forfeðrum vorum. Undir ~~þriðju rótinni var brunnurinn~~ Hvergelmir. Þar voru óvinir lífsins, ótal eiturormar með drekanum Niðhögg í broddi fylkingar. Hann og félagar hans nöguðu sífelt rætur trésins og reyndu að eyðileggja það. Fjórir hirtir hlupu milli greinanna og bitu barr, en íkorni hljóp ~~stöðugt~~ upp eftir því, og bar róg milli Niðhöggs og arnarins, ~~sat efst í toppi þess.~~

d). Goðin og verksvið þeirra. Æztur allra goðanna, skapari og stjórnari heimsins, var Óðinn. Hann var kallaður faðir goða og manna. ~~[illegible]~~ Hann réð öllu og önnur goð þjónuðu honum, svo sem börn föður. Eigi var hann þó öllu ráðandi einn, því hinar

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

~~gǫfuga~~ örlöganornir *var* höfðu einnig þegið vald frá ókunnu valdi, sem er hið sama og Sköpin *eða* ~~og~~ forlögin. Frá Óðni er öll spekikomin, svo sem skáldlistin, lögspekin, málsnilþróttin, stjórnkonskan og fjölkyngin. — Og: „gefur hann sigur sumum, — en sumum aura; — málsku mögum — og mannvit firum. — Byr gefur hann brögnum, — en brag skáldum, — gefur hann mannsemi — mörgum rekk". Hann bjó þar á himnum er Valaskjálf hét, og Hliðskjálf hét hásæti hans; þaðan sér hann athöfn hvers manns gegnum alla heima. Hann átti tvo hrafna er hétu: Huginn og Muninn; sendi hann þá í dagan um heimalan og komu þeir aftur um dagmál og settust á axlir honum og sögðu honum öll tíðindi. Hann gaf mönnum heilræði og lífsreglur, og hann fann rúnirnar eftir þungar þrautir og kendi þær síðan og var því mestur rúnameistari og galdrakarl. Einnig var hann ~~skáldspekingur~~ mikið við skáldskap riðinn. Hann hét mörgum nöfnum þar á meðal valfaðir því allir þeir sem falla í val voru hans óskasynir; ~~þannig var hann hergoðinn~~. *Það að hann var hergoð og* Allir þeir, sem féllu eftir hrausta- og drengilega *framgöngu* vörn fóru til hans í Valhöll; þeir hétu Einherjar. Lifðu þeir þar með honum í miklum fögnaði; drukku mjöð og átu flesk, er hvergi þraut nokkru sinni. Daglega börðust þeir fram til dagmála, drápu hver annan en þeir lifnuðu jafnskjótt aftur til sama fagnaðar og iðju, og sátu svo hvern dag á eftir sáttir og glaðir. *þeirra mestur fyrir sér*

Þór hét einn af sonum Óðins og kang nefkaður. Allra goða var hann sterkastur. Hann var góðlyndur hversdagslega, en þegar

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hann reiddist var hann ógurlegur. Hann átti 3 kostagripi: Hamarinn <u>Mjölni</u>, <u>járnglófa</u> og <u>Megingjarðir</u>. Með hamrinum ummaldi hann margan jötunhaus, mélinu smærra í Austurvegi. Járnglófana hefir hann þegar hann grípur hamarsskaptið. Aflgjörðina, eða beltið hafði hann jafnan, því honum óx afl, eða „ásmegin að hálfu", þegar hann spennir því um sig. — Hann bjó í Þrúðvangi (þ. e. staður þess styrka og sanna) og ók oft í kerru sinni um loft og láð, með tveimur höfrum fyrir; var hann því kallaður Öku-Þór, engu sjaldnar en Ása-Þór. Hann ók svo hart, að „björg brotnuðu, brann jörð loga"; en loftið leiftraði af eldingum, og þrumur heyrðust; það kölluðust „Þórsdunur". — Þórshamar var svipað verndarvætti í heiðnum sið og krossmark kristinnar trúar.

Baldur var einn af sonum Óðins. Hann var fagur og bjartur sýnum og hugljúfi allra goða. Bústaður hans hét <u>Breiðablik</u> og þar þreifst ekkert ljótt eða óhreint. — Gras eitt er talið svo hvítt, sem brár Baldurs og nefnist því Baldursbrá.

Heimdallur, „hinn hvíti áss" bjó að <u>Himinbjörgum</u> og var hann brúarvörður (Bifröst). — Hann átti þann lúður, er <u>Gjallarhorn</u> hét og blés í hann þegar kalla þurfti á goðin til stórræða; heyrðist þá um allan heim. Hann sá 100 rastir frá sér, jafnt á nótt sem degi; hann heyrði þegar gras óx á jörðu og ull á sauðum og allt það, er hærra lét; og hann þurfti minni svefn en fugl.

Freyr ~~Frigg~~ var einn ágætastur af Ásunum. Hann réð fyrir

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

regni, sólskini og gróðri jarðarinnar; á hann var gott að heita til árs og friðar, og ræður hann fésæld manna. Freyr hét öðru nafni Yngvi. Noregskonungar og Uppsalakonungar töldu ætt sína til hans og nefndust þeir því Ynglingar.

Njörður hét einn af Ásum og bjó að Nóatúni. Hann var fæddur og alinn upp í Vanaheimi og gísluðu Vanir hann goðunum eitt sinn. Börn hans voru Freyr og Freyja. Hann ræður göngu vinds og stillir eld og sjó. Á hann var heitið til sæfara og veiða.

Bragi var skáldskapargoð, ágætur að speki, málsnilld og orðfimi. Týr hét sá af Ásum, sem djarfastur var og bezt hugaður. Hann réð mjög sigri í orustum og þótti hreystimönnum gott að heita á hann. Sá sem var um fram aðra menn að hreysti, var kallaður „Týhraustur". Þá má nefna Höð, hinn blinda Ás. Hann vann það óhappaverk, að skjóta Baldur bróður sinn til bana, en það var að ráði Loka. Eftir dauða Baldurs kom Forseti sonur hans og bjó í þeim sal, sem Glitnir hét. Hann var beztur dómari og allir þeir, sem til hans komu með sakarvandræði fóru sáttir frá honum. Váli var sonur Óðins og Rindar; Ullur var stjúpsonur Þórs: hann var öðrum meiri með boga og á skíðum. Víðarr hinn þögli var næstur Þór að styrkleik.

Að lokum má minnast á Loka Laufeyjarson; hann var jötnaættar. Hann var fríður sýnum, illur í skapi, mjög fjölbreytinn í háttum, ~~hrekkfullur og~~ slægur og undirförull. Kallaður var hann „rógberi Ásanna, frumkveði flærðanna og vömm allra goða og manna." Goðunum kom hann oft í vandræði með illsku sinni og klækjum. En

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hann var einnig fjötur að leysa þau úr kröggunum með vél-
ráðum og vitsmunum. Þegar honum var hótað hörðu, því
að hann ~~hafði alt af mikinn ótta af~~ hræddist Þór og hamarinn Mjölni.

Loki átti þrjú börn ~~fram hjá Sigyn konu sinni~~ við gýgi þeirri, er Angurboða hét. Þau hétu:
Fenrisúlfur. Miðgarðsormur og Hel. Um það voru gamlar spá-
~~dómar~~, að þessi systkini ~~yrðu~~ mundu verða goðunum að miklu meini. Óðinn
hafði því gætur á þeim þegar þau fæddust og lét færa sér þau.
Hann kastaði orminum í sjóinn, og þar óx hann svo, að hann
~~liggur~~ lá um lönd öll í hafi og beit í sporð sér. Hel kastaði
hann til Niflheims og gaf henni þar vald yfir 9 heimum. En
Úlfurinn var alinn upp með Ásum. Hann óx ~~mikið daglega~~ dagvöxtum
og varð svo mikill og illur, að enginn nema Týr þorði að gefa
honum fæðu. Goðin vildu binda hann og gerðu honum fjötur
þann, sem Læðingur hét, en hann „leysti sig úr læðingi". Þá
var hálfu sterkari fjötur látinn á Úlfinn, sem Drómi hét, en
hann ~~sleit hann og~~ „drap sig úr dróma". Þá sendi Óðinn
Skírni, skósvein Freys, í Svartálfaheim og lét dverga þar gera
þann kynjafjötur, er Gleipnir hét. Hann var úr dyn kattarins,
skeggi konunnar, rótum bjargsins, anda fisksins, sinum bjarn-
arins og hráka ~~fuglsins~~ fugls. Sléttur og mjúkur var þessi dregill, þótt
~~óumlítill~~ sterkur væri. Úlfinum leist illa á hann og kvaðst eigi mundi
láta binda sig með dvergasmíði, sem af vélum væri gert. En
þegar goðin frýjuðu honum hugar, lét hann að lokum binda sig með þeim
~~(hann þoldi eigi frýjunarorð goðanna og lét loks binda sig með þeim)~~
skildaga, að einhver af Ásunum léti hönd sína í gin hans að veði.
Týr var sá eini af Ásunum, sem hafði hug til þessa. Úlfurinn

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

gat eigi slitið Gleipni af sér og beit því höndina af Tý um þann
lið, er ~~Hú~~ úlfliður nefnist síðan.

Ásynjur voru þessar: Frigg, var æðst, kona Óðins og bjó að Fensölum; — hún
vissi öll örlög manna, þótt eigi segði hún þau. Reyndi hún oft að forða mönn-
um frá ~~tjóni~~ böli. Freyja var dóttir Njarðar og bjó að Fólkvangi. Gott
var að heita á hana til ásta. Hún átti helming allra er í orustu féllu
ef hún vildi, og hún ók í kerru og gengu tveir kettir fyrir; — í blótveisl-
um var hún ~~af~~ tilbeðin eins og Freyr. Fulla var hárprúð og fór laus-
hár með gullband um höfuð; hún bar eski Friggjar, og vissi laun-
ráð með henni. Gná reið loft og lög. Hlín forðaði mönnum
frá háska. Eir var lækningagyðja. Gefjun var ~~jómfrú~~ mær og þjónuðu
henni allar framliðnar meyjar. Snotra var háttprýðis og vizku-
gyðja, látprúð og vitur. Sjöfn var ástargyðja, sneri hugum kvenna
og karla til ásta. Iðunn, kona Braga, geymdi í eski sínu epli, sem
goðin bitu í að öðru hvoru, til þess að halda æskufegurð sinni og
eldast eigi. ~~Eitt sinn~~ Einu sinni stal Loki eplunum og gerðust þá goðin brátt
gráhærð og ellileg. Loka var þá hótað hörðu, svo að hann skilaði þeim aftur.
Lofn var mild árnaðargyðja og fékk leyfi Óðins, að konur og karlar
mættu ~~giftast þrátt fyrir allar hindranir~~ eigast, þótt áður væri bannað eða þvertekið. Syn var varnargyðja
á heimilum og þingum. Vör ~~vissi allt, enda~~ var ~~hún~~ spurul og
vitur, svo að henni mátti engu leyna. Vár hlýddi á eiða og einkamál kvenna og karla; — hún var
tryggðagyðja.

c). Vanir. Þeir bjuggu í Vanaheimi og var lengi ófriður með
þeim og Ásunum og höfðu ýmsir sigur. Loks komust á sættir og
voru þá gíslar seldir af báðum málsaðilum. Þeir settu friðarmark

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

í landamærum milli sín; það var ~~dat~~ Ker og áttu hvorir tveggju að hrækja í það. Þetta sáttatákn vildu goðin eigi láta að engu verða og sköpuðu úr því þann mann, er Kvásir hét. Hann var ~~ákaflega~~ mjög vitur og fróður. Dvergar nokkrir drápu hann af öfund, en sögðu það goðunum, að hann hefði kafnað úr ofviti. Úr blóði hans gerðu ~~þeir~~ dvergarnir mjöð-blandaðan hunangi. Hver sem drakk af miði þessum varð skáld og fræðimaður.

f). Óðinn nær Suttungsmiði. Eigi var gott að leika á Óðin. Hann vissi um athæfi dverganna og eins hitt, að þeir höfðu neyðst til að selja drykkinn Suttungi jötni í föðurbætur, og geymdi Gunnlöð Suttungsdóttir mjöðinn að Hnitbjörgum. Óðinn lagði nú af stað í dulargervi og nefndist Bölverkur. Hann kom á engjar, þar sem 9 þrælar slógu hey, og tók brýni af belti sínu og brýndi með ljái þeirra. Þeim þótti bíta svo vel, að allir vildu brýnið kaupa, en Óðinn kastaði því í loft upp og sagði þann mega eiga, er næði, og börðust út af því og drápu hver annan. Bölverkur gisti næstu nótt hjá Bauga, bróður Suttungs; hann átti þrælana sem fallið höfðu og taldi skaða sinn mikinn. Þá ræður Bölverkur sig í kaupavinnu hjá Bauga og setur þau skilyrði, að hann fái ~~þrjá sopa~~ einn drykk af „Suttungsmiði" í kaup, ef hann slái til haustnótta jafnmikið hey og 9 þrælar. Bölverki ~~vegnaði~~ sóttist ~~eigi síður slættumaður~~ vel verkið og fór Baugi með honum til Suttungs, en hann neitaði harðlega að láta nokkuð af miðinum. Bölverkur boraði þá gat í gegnum Hnitbjörg og komst til Gunnlaðar og taldi hana á ~~[illegible] svik~~ til þess að ná drykknum. Hann svaf hjá henni í þrjár nætur og ásakaði sig um það síðar, að hann hefði brugðist trausti hennar og grætt hana. Óðinn drakk allan mjöðinn, og brá sér síðan í arnar-

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hann og flaug sem ákafast heim í Ásgarð. Þetta sá Suttungur, ~~og fór í sinn~~ tók arnarham sinn og flaug á eftir. Æsirnir sáu og skildu, hvernig í öllu lá og létu ~~ílát~~ ker undir Ásgarð og svo naumt var Óðinn fyrir og þótt kominn, að hann spýtti öllum miðinum í ~~ílátin~~ kerin þegar hann kom inn um garðinn, því að Suttungur hafði þá nærri klófest hann, en þar skildi með þeim. Var Óðinn svo naumt fyrir, að hann sendi aftur suman mjöðinn; ~~Dálítið fór niður af miðinum~~ og kallaðist það skáldfíflahlutur; ~~Leirskáldin~~ leirskáldin fengu það eitt af miðinum, ~~er niður fór~~ („Arnarleir"). En góðskáldin gerðu sér gott af Suttungamiði, er Óðinn barg til Valhallar.

g). Borgarsmiðið. Í öndverðri tíð goðanna kom smiður nokkur til þeirra og bauð st til að gera borg eða garð ~~þeim að byggja traustan garð (Ásgarð)~~ kring um bústaði þeirra, svo traustan, að jötnar og hrímþursar eigi kæmust yfir, þótt þeir færi yfir Miðgarð. Í kaup vildi hann fá Freyju og hafa vildi hann sól og tungl. Það varð að samningum að smiðurinn fengi allt þetta, ef hann gerði garðinn á einum vetri, aleinn, ~~nema þó~~ en njóta mátti hann hjálpar hests ~~hans~~ síns Svaðilfara. Þremur nóttum fyrir sumarmál ~~var~~ hafði smiðurinn nálega ~~búinn að byggja garðinn~~ lokið verkinu. Þá fóru goðin að hugleiða borgunarskilmálana. Illt þótti þeim að missa Freyju, en hitt var þyngra, að missa ljós dags og nóttur og sitja svo í myrkri. ~~Brátt~~ Bárust ~~sökin á~~ bönd að Loka, að hann hefði með slægð komið því til leiðar, að samið var við smiðinn og einkum að hann fékk ~~leyfi~~ að hafa Svaðilfara, sem dró feikna ~~hlöss af grjóti í borg~~ björg að garðinum. Loki varð ~~svo~~ hræddur ~~um sig, að hann lofaði því hátíðlega~~ og sór þess eiða, að tefja fyrir ~~því að garðurinn yrði fullgerður á tilsettum tíma~~ verkinu, svo að smiðurinn yrði af kaupinu. Hann brá sér í merarlíki og ginti Svaðilfara ~~til sín~~ eftir sér út í skóg. Náði smiðurinn ekki hestinum. Þá færðist hann í jötunmóð af því, hann var reyndar jötunn, og sóttist þá vel verkið. ~~Goðin urðu~~

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þóttust goðin þá laus allra mála og kölluðu á

~~þá~~ Þór ~~á mófi, er þann vetur var~~ hann [var] í Austurvegi að berja tröll. Þór var á svipstundu kominn heim í Ásgarð og ~~þegar hann sá þennan jötunn, spurði hann eigi um erindi né átt hans heldur~~ reiddi Mjölni [þeger] að vanga smiðsins og muldi höfuðbein hans í mél. — Þannig guldu goðin ~~verkalaun þessum manni~~ [smíðarkaupið] fyrir görðinn og sterkan garð. — Eftir hæfilega langan tíma fæddi Loki ~~[illegible]~~ grátt folald með 8 fótum, ~~besta hestefni~~ og nefndist þessi hestur Sleipnir. Hann var allra hesta beztur og rann viðstöðulaust loft og lög undir eiganda sínum Óðni.

h). Dauði Baldurs. Baldur var góð líknar og fríður og var goðunum vernd og traust að honum. En eitt sinn dreymdi hann drauma marga um dauða sinn. Goðin höfðu miklar áhyggjur af þessu. Óðinn reið þá Sleipni til Niflheims og vakti upp völvu og vildi vita, hverju sætti á því, að Hel hefði mikinn veizluviðbúnað. Hún sagði, að ~~(von væri þangað)~~ Hel ætti von á Baldri. Þá tók Frigg svardaga af öllum hlutum í jörðu og á ~~að~~ þeir skyldu eigi gera Baldri mein. Loki brá sér í ~~kall~~ konugervi og kom til Friggjar og spyr hana lævíslega, hvort enginn hlutur sé svo til, er eigi hafi svarið þess eiða að hlífa Baldri. Hún gætti sín eigi vel og sagði hið sanna, að viðarteinn [nokkur hjá Valhöll] ~~einn~~, sá er Mistilteinn hét, hefði orðið eftir, því [að] henni þótti hann of ungur til þess að sverja eið. En goðin skemmtu sér [með] ~~að~~ því, að skjóta ýmsum hlutum á Baldur á þingi og sjá, að hann sakaði eigi. Loki sótti teininn og bað Höð ~~hinn~~ blinda að skjóta á Baldur eins og aðrir gerðu. Höður skaut að tilvísun Loka, en tein-

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

inn flaug í gegnum Baldur og varð það hans bani. Lengi gátu goðin engu orði upp komið, ~~því að~~ svo var harmur þeirra mikill. ~~[illegible]~~ Þá var sent til Heljar og hún beðin að skila Baldri aftur lifandi og því ~~lofaði~~ hét hún, ef allir hlutir grétu Baldur úr Helju. Sendisveinninn reið svo heim á 9 nóttum um djúpa dali og dökkva ~~úr~~ á Helveg og sagði þessi tíðindi. Allir hlutir, dauðir og lifandi grétu Baldur úr Helju, nema tröllkona ein; hún kvað best fara á því, að Hel héldi því, er hún hefði, ~~fengið~~ og ~~mundi hún (tröllkona)~~ kvaðst munda „gráta Baldur þurrum tárum". – En þetta var reyndar Loki ~~gamli~~ í tröllkonu gervi.

i). Loki fær makleg málagjöld. Nú voru goðin orðin Loka svo reið að honum var eigi viðvært; hann hafði þegar fyllt mæli synda sinna með slægð og hrekkjum og hljóp á braut og fal sig, en goðin náðu honum og bundu hann á þremur eggsteinum. Þau festu eiturorm uppi yfir honum og draup eitrið úr orminum í andlit honum. Sigyn kona Loka hélt mundlaug undir eitrinu, en þegar mundlaugin ~~hún~~ var orðin full, „þá gengur hún og slær út eitrinu, en meðan drýpur eitrið í andlit honum". Kipptist hann þá svo hart við, að jörðin skalf og komu af því ~~harðir~~ jarðskjálftar. – Þarna lá Loki bundinn til ragnaraka.

k). Ragnarök. Eftir dauða Baldurs þverr ~~fór vax~~ máttur goðanna og ragnarökk nálgast ~~nálgaðist~~. Þá magnast ~~[illegible]~~ spilling í heiminum og orustur verða hvarvetna háðar. Bræður berast ~~[illegible]~~ á banaspjótum, faðir þyrmir eigi syni og sonur eigi föður; – öll náttúran gengur ~~[illegible]~~ úr skorðum. Margir vetur fara saman og ekkert sumar í milli. Það kallast ~~[illegible]~~ Fimbulvetur. Fenrisúlfur ~~Úlfar~~ gleypti sól ~~og tungl og stjörnur~~ [illegible]. Jörðin skelfur og björgin

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hrynja; allir fjötrar og bönd brotna og slitna og þá losnar Loki og Fenrisúlfurinn. En Miðgarðsormurinn umhverfist í hafinu og gengur á land. Surtur, höfðingi í Muspellsheimi, kemur með sínar hersveitir; vopn þeirra eru skínandi björt og eldur brennur fyrir þeim. Hann kveikir í jörðinni. Þá blæs Heimdallur í Gjallarhorn og kallar öll goðin og alla Einherja til orustu. Allir jötnar, illvættismenn, Loki, börn hans og aðrir Heljarsinnar, fylgja Surti að málum og berjast undir merkjum hans og sækja móti goðunum og Einherjum. Úlfurinn gleypir Óðin, en Þór ber banaorð af Miðgarðsorminum. Freyr fellur fyrir Surti og Loki og Heimdallur verða hvor öðrum að bana. Jörðin brennur upp, en önnur ný jörð lyftist upp úr hafinu, iðgræn og fögur. Á þessari nýju jörðu hittast niðjar hinna gömlu goða og þangað kemur Baldur. En Loki og allir illvættismenn líða undir lok. Þá deyja allir menn nema Líf og Lífþrasir, er leyndust í Hoddmímisholti (holt = skógur) og af þeim fæðist nýtt mannkyn. Á þessari jörðu drottnar eilífur friður og fögnuður og þar vaxa akrar ósánir. Goðin finnast eins og í fyrndinni á Iðavöllum, þau eru afkomendur og niðjar Vilja og Vé, sem aldrei voru taldir með Ásunum. Minnast þau á horfnar tíðir og raunir sínar og finna „undursamlegar gullnar töflur í grasi", þær sem Ásarnir höfðu átt í árdaga. Á Gimli búa góðir menn og siðlátir „og þar skulu dyggvar dróttir byggja og um aldurdaga yndis njóta" — Þar er einnig staður, sem Náströnd heitir og horfa allar dyr í norðurátt. Sá salur er ofinn ormahryggjum og snúa öll höfuðin inn og blása eitri. Eiturár renna eftir salnum, sem eiðrofar og morðvargar vaða

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sumir halda að insti kjarninn í Ásatrúnni sé skoðun forfeðra vorra á mannlífinu, baráttu þess frá vöggunni til grafarinnar. Væri þá goðin ímynd ýmsra sálareiginleika, en baráttan milli goða og jötna táknaði baráttu milli gagnstæðra afla sálarlífsins. Í sálarlífi mannsins eru ýms góð og vönd öfl, ástríður og hvatir í ýmsar áttir. Það virðist eðlilegt nauðsynjalögmál, að óslitin barátta sé milli þessara andstæðu eiginleika sálarlífsins, milli „holdsins og andans“. (Og forfeðrum vorum hafi skilist það.) En hér skal ekki farið frekara út í það mál.

## 5. Alþingi sett á stofn.

Eftir að landið var orðið albygt fundu Íslendingar brátt, að þeir þurftu að eiga ein lög um land alt. Að vísu er getið um tvö þing í landinu á Landnámsöldinni, Kjalarnesþing og Þórsnesþing: Þorsteinn Ingólfsson í Reykjavík stofnaði Kjalarnesþing, og halda sumir fræðimenn, að það hafi verið einskonar allsherjarþing, eða að minsta kosti svo víðtækt, að það hafi dæmt öll stórmál úr nærlendis héruðum. Óvíst er um þetta og eins hitt, hvort fleiri þing hafi verið stofnuð fyrir 930. Einn af landnámsmönnunum, sem Úlfljótur hét, úr Lóni á Austurlandi, fór til Noregs 924. Hann átti að kynna sér norsk lög og semja lög handa Íslendingum. Svo virðist, sem einhverjir vitrustu menn þjóðarinnar hafi komið því til leiðar, að Úlfljótur fór utan í þessum erindum. Úlfljótur var þá sextugur að aldri og hafði þá búið hérlendis í 20 ár. Móðir hans hét Þóra, dóttir

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hörðakára, en systir Þorleifs hins spaka. En Þorleifur var talinn mestur lögmaður í Noregi á sinni tíð, og naut Úlfljótur aðstoðar hans við lagastörf sín. Hann tók Gulaþingslög sér til fyrirmyndar, líklega af því, að þau voru flestum landsmönnum kunnust. Úlfljótur mun hafa komið með þessi lög, í minni sínu, til landsins 927. Grím geitskör, fóstbróður sinn, fékk hann til ~~þess~~ að kanna landið og velja þingstað; hver bóndi í landinu gaf honum einn pening fyrir starf sitt, en hann gaf það fé aftur til hofa. Sumir halda að þing hafi verið haldið á Þingvöllum sumarið 928 og 929 undir stjórn Úlfljóts til að undirbúa allsherjarþing á föstum grundvelli og gefa höfðingjum kost á að kynnast lögunum og læra þau. — En þetta er enn óvíst.

Þingið var sett á völlunum fyrir norðan Ölfusvatn, „að ráði Úlfljóts og allra landsmanna" í júnímánuði 930.— Þessu þingi var gefið nafn og kallað alþingi, því að það var stofnað fyrir allt landið. Vellirnir voru síðan kallaðir Þingvellir og vatnið Þingvallavatn. Þingstaðurinn þessi var hyggilega valinn, því að þar mætast vegir úr öllum fjórðungum landsins og ~~yfirhöfuð~~ jafnhægast ~~fyrir~~ flestum landsmönnum að sækja þingið; auk þess er staðurinn einkar fagur og svipmikill ~~sérlega fallegur, þótt gróður lítill sé þar~~.

Hrafn, sonur Ketils hængs, var kosinn lögsögumaður á þessu fyrsta þingi og hélt því starfi ~~þeirri stöðu~~ í 20 ár. Lögsögumaðurinn var einskonar þingstjóri og var kosinn til þriggja ára í senn;

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

~~Það~~ mátti endurkjósa hann og svo var oft gert. Lögsögumaðurinn átti að segja upp öll lögin að Lögbergi í heyranda hljóði og hafa lokið því á ~~3~~ þrem þingum. En í byrjun hvers þings átti hann að segja upp þingsköpin. Lögsögumaðurinn átti að hafa nokkra lögfróða menn úr lögréttu sér við hönd, til aðstoðar: Þeir áttu að gæta þess, að ekkert félli úr eða gleymdist og sjá um að rétt væri í öllum atriðum skýrt frá, hvað lög væru og ~~hvernig~~ þingsköp. ~~Væri sá~~ Ef lögsögumaðurinn var í vafa um eitthvert laga-atriði, eða skilning á einhverju, þá ~~bar honum~~ átti hann að bera þetta undir ~~5~~ fimm lögfróðustu lögréttumenn. Skyldur var lögsögumaður að segja öllum, sem óskuðu, hvað lög væru ~~gildandi~~, og leið-beina mönnum í vafamálum, bæði á alþingi og heima í héraði. Fyrir ~~embætti~~ starf sitt fékk hann ~~2~~ tvö hundruð álnir vaðmáls og hálfar sektir, sem dæmdar voru á alþingi.

Samþykkt var að halda ~~jafnan~~ alþingið (árlega) í 9 vikur væri af sumri og setja það með því, að lýsa friðhelgi yfir þinginu og störfum þess. ~~friðhelgi~~. Gerðu það goðarnir af ætt Ingólfs Arnarsonar og nefndust því allsherjargoðar. Þingið var ~~alltaf~~ jafnan sett á fimtudag. og þannig helgað Þór, eða hann hafður verndar-guð þess. Allsherjargoðinn helgaði þingið, nefndi votta að athöfninni og vann eið að baugi. Hann bað Frey, Njörð og „hinn almátka ás" (líklega Óðinn) að hjálpa sér til að ~~leysa~~ helga ~~n~~ þingið ~~þinghelgina af hendi~~ og inna af hendi ~~einnig~~ „öll önnur lögskil, sem hann vissi réttast og sannast og „helzt" að lögum."

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

(samþykt hafa verið á fyrstu alþingi)
Um lög þau er Úlfljótur samdi, vita menn nú lítið ~~um~~, þvíað ~~þau eru lítið vituð~~ að þeirra er lítt getið í fornritum vorum; þau voru eigi skrifuð, en lifðu á vörum lögfróðinganna, mann fram af manni. Þjóðveldislögin, sem enn eru til, hafa að sjálfsögðu verið runnin upp af Úlfljótslögum. Og ætti telja það víst, að megin kjarni þeirra felist í (~~Þjóðveldislögunum~~) þeim.

Það var upphaf Úlfljótslaga að banna mönnum að hafa drekahöfuð á skipum í hafi, en ef þeir hefði ~~það~~ þá skyldi þeir taka það höfuð af, áður en þeir kæmi í landsýn, og sigla eigi að landi með gapandi höfði og gínandi trjónu, svo að landvættir fældist við."

Samkvæmt Úlfljótslögum áttu goðar sæti í lögréttu ~~(líklega 36)~~, auk lögsögumannsins. Hver goði hafði sér við hönd ~~2~~ svo ráðunauta. En lögréttan var þannig gerð, að þrír hringmyndaðir grasbekkir voru hlaðnir hver utan yfir öðrum, með hæfilegu bili í milli þeirra. Á mið bekk sátu goðarnir, en á insta og ysta bekknum sátu ráðunautar ~~goðanna~~ þeirra, ~~þannig~~ svo, að hver goði hafði annan ráðunaut sinn að baki sér, en hinn fyrir brjósti. Í miðri lögréttu var autt svæði, nema sæti fyrir þá menn, sem áttust við í málum. Fyrir utan bekkina sátu allur ~~óbreyttir~~ þingheimur, er eigi áttu sæti í lögréttu. En það voru mjög margir, riðu með höfðingjum til alþingis, ~~er~~ sem komu beinlínis sér til skemtunar og ~~andlegrar fræðslu~~ fróðleiks. — Þá var talinn

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þess að segja lögin upp, fyrir hálft hundrað silfurs. Hann var enn heiðinn; ~~hann~~ átti, kaus að segja upp lög fyrir báða flokkana. Hann lá í búð sinni nálega heilan sólarhring með feld sinn yfir sér og mælti ekki orð. Honum var ljóst, hver ábyrgð hvíldi á honum fyrir heill og hamingju þjóðarinnar. Á meðan áttu flokkarnir stefnur og réðu ráðum sínum og lifðu milli vonar og ótta yfir úrslitunum. Heiðnir menn hétu á goðin, að blóta tveim 2 mönnum úr fjórðungi hverjum, þeim til dýrðar og þóknunar og málinu til sigurs. Hjalti og Gissur áttu aðra stefnu við Kristna menn ~~og stinga upp á því~~ lögðu til að hafa mannblót eins og heiðnir menn, og skyldu tveir 2 menn úr fjórðungi hverjum gefa sjálfa sig Kristi í sigurgjöf og helga honum og gæti allt líf sitt. Fyrir Sunnlendingafjórðung gáfu þeir Hjalti og Gissur kost á sér. Fyrir Austfirtingafjórðung gáfu sig fram þeir Hallur af Síðu og Þorleifur úr Krossavík. Af Norðurlandi Hlenni hinn gamli og Þorvarður Spakbötvarsson (~~báðir~~ er Þorvaldur víðförli hafði kristnaði ~~af Þorvaldi víðförla~~). Gestur Oddleifsson gaf sig fram úr Vestfirtingafjórðungi, og aðrir eigi fyrst. En loks bættist annar við, það var Ormur, bróðir Þorvalds víðförla; hann var aðeins prímsigndur. Hann gekk fram og sagði: „Verðu mundi maður til þess, ef Þorvaldur bróðir minn væri samlendur við mig, en nú mun eg til ganga, ef þér viljið við mér taka". Boði hans var tekið og hann síðan skírður.

Mánudaginn 24. júní sendi Þorgeir mönnum orð, að þeir skyldu ganga til Lögbergs. Þar hóf hann tölu sína og sagði meðal annars, að hag manna væri komið

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

efni, ef ein lög réðu eigi í landi, slíkt mundi valda ósátt og bardögum milli landsmanna, svo landið eyddist af. „En nú þykir mér það ráð," sagði hann, „að vér látum eigi þá ráða, er mest vilja í gegn ~~gagn~~ gangast og miðlum svo máli milli þeirra, að hvorirtveggja hafi nokkuð til síns máls, og höfum allir ein lög og einn sið. Það mun verða satt, er vér slítum í sundur lögin, að vér munum slíta og friðinn."

Þegar hann lauk máli sínu játuðu allir þingmenn beggja flokkanna, „að allir skyldu ein lög hafa, þau sem hann réði upp að segja." En það var tillaga hans, að allir menn skyldi taka kristna trú, sem þá voru óskírðir í landinu, en um barnaútburð og hrossakjöts-át skyldi standa hin fornu lög. Þeir sem vildu blóta á laun máttu það, ef eigi yrði vottfast, en varða fjörbaugsgarð ef sannaðist. — Þá voru allir heiðnir menn prímsignaðir á þinginu og margir skírðir. Norðlendingar og Austfirðingar vildu eigi fara í kalt vatn og voru því margir skírðir við laug at Reykjum í Laugardal. Var allur þingheimur skírður á heimleiðinni. Flestir Vestfirðingar vóru skírðir í Reykjalaug í Lundarreykjadal, og gekk Snorri goði bezt fram í því. ~~að dýfa þeim í~~ því. Hjalti hélt Runólfi goða undir skírn, er hafði fengið hann landrækan sumarið áður. Og þegar Runólfur tók inn það salt, sem venja var að láta menn bergja á í skírninni, þá mælti ~~Hjalti~~ Hjalti: „Gömlum kennum vér nú goðanum að geifla á saltinu."

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

19



## 6. Nokkrir merkir menn á Söguöldinni.

Viðburðaríkasta tímabil sögunnar er Söguöldin; þá voru margir stórmerkir menn uppi, og munu nöfn þeirra lifa svo lengi, sem íslensk tunga er töluð og lesin. Eg hygg, að þeir geti verið niðjum sínum til fyrirmyndar á öllum tímum í drengskap, göfuglyndi, tryggð og hugprýði, þreklyndi og manndáð. Hér er aðeins unt að minnast nokkurra þeirra með örfáum orðum.

1. Egill Skallagrímsson þjóðskáldið á Borg í Borgarfirði (f. um 900). Hann var mjög bráðþroska og ódæll og illskiftinn í æsku. Föðurfrændum sínum var hann líkur, svartur á hár, mikilleitur, ófríður sýnum, vígfimur og manna styrkastur að afli. Egill lét aldrei hlut sinn fyrir öðrum og hefndi rækilega alls ójafnaðar, er honum þóttist verða fyrir af öðrum; – en tryggur var hann vinum sínum, og ástríkur faðir og eiginmaður. Þrátt fyrir skapstórku hans og ríkt víkingseðli, hafði hann í aðra röndina viðkvæmar tilfinningar og gat eigi dulið þær fyrir öðrum. Vitsmunamaður var hann með afburðum og eitt hið andríkasta skáld, sem Ísland hefir alið.

Egill skifti sér lítið af opinberum landsmálum. Honum stóð á sama um flest það, er eigi beinlínis snerti hann sjálfan eða ætt hans, og hann hugsaði jafnan mest um sjálfan sig og sína nánustu. Hann lét alla þá hlutlausa, sem eigi gerðu á hlut hans. Í

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

lagi var hann fégjarn, en slíkt er og hefir alt af verið almennur breyskleiki manna.

Á yngri árum var Egill í víking og kaupferðum, og stundum eftir það, að hann var orðinn bóndi á Borg: ~~eftir það að hann settist~~ Hann fór þrisvar utan í víking og kaupferðir og græddi ~~mjög~~ of fjár; heimsótti hann á þeim ferðum tignarmenn og orti um þá, og þáði fyrir góð laun. — Þó var hann aldrei beinlínis hirðskáld.

Í Borgarfirði drukknaði ungur og efnilegur sonur hans, sem Böðvar hét. Egill tók sér þetta svo nærri, að hann vildi svelta sig í hel, því að sorg sína gat hann eigi sefað ~~sjálf-sótti~~ með hefnd. Það var við voldugan að skifta. Því að banamaður sonar hans var gamli Ægir, sjávarguðinn og kona hans Rán. Sveið honum sárt, að geta eigi komið fram hefnd; ~~sveið honum sárt~~. Dóttir hans Þorgerður, húsfreyja Ólafs pá í Hjarðarholti, var sótt, og með viturleik sínum og skörungsskap, gat hún talað hug í föður sinn og aftrað honum frá dauða. Hún hvatti hann til að yrkja erfiljóð um Böðvar. Egill orti þá hið fræga kvæði: „Sonartorrek" (= sonamissir). Annað merkasta kvæði Egils er: „Höfuðlausn". Það er tvítug drápa, ort á einni nóttu um mesta hatursmann hans, Eirík konung blóðöx. Agli var ætlað líflát, en Arinbjörn tryggðavinur hans ráðlagði honum að leysa höfuð sitt með kvæðagerð um Eirík. Geta má nærri, að Agli hefir veist það erfiðara en flest annað, að yrkja

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

lof um Eirík; og annað telur hann honum ekki til ágætis en það, sem honum bar með réttu.

Egill varð gamall maður, lézt ~~dáinn~~ um 980 og var þá blindur. Skaplyndi hans voru þá óbreytt til dauðadags. Hann langaði mjög á Þingvöll nokkru áður en hann dó ~~(síðasta sumarið sem hann lifði)~~ með silfur sitt og gull. Þar vildi hann dreifa því, og bjóst við að þá yrði barist um bitana, og þannig fengi hann að heyra vopnabrak, óhljóð og gauragang einu sinni áður en hann dæi, þótt eigi gæti hann neitt séð. En hann fékk því eigi fram komið. Þá fól hann fé sitt svo eigi nyti aðrir þess. – ~~Meginn þorri manna í Vestfirðingafjórðungi, gáðu~~ ~~(eftir Egli)~~
Egill varð hinn kynsælasti maður og flestir ~~Íslendingar~~ Íslendingar rekja ætt sína til hans. ~~nú á dögum~~

2 **Kormákur Ögmundsson** (f. um 935) frá Mel í Miðfirði var mikið ástaskáld og mikill ástamaður. Hann unni mest Steingerði Þorkelsdóttur og orti margt ~~mikið~~ um hana. Um tvítugsaldur feldi hann ást til Steingerðar og mun hún fyrst hafa unnað honum nokkuð. En síðar varð hún honum fráhverf, hversu átakanlega sem hann lét ást sína í ljósi við hana; virðist þó svo, sem hún hafi að öðru hvoru elskað hann nokkuð. Hún ýmist seyddi hann að sér eða hratt honum frá sér, neitaði kossum hans aðra stundina, en þáði þá ljúflega hina stundina. Hann skorti eigi ástþýðlund og viðkvæmar tilfinningar. En hann skorti vilja þrek og stefnufestu til þess að geta notið ástar hennar sem hann þráði svo lengi.
Það var í Gnúpsdal, sem Kormákur fyrst kyntist Steingerði

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Varð henni starsýnt á hann, og honum einnig á hana. Ambátt ein, sem var með Steingerði, sagði að Kormákur væri bæði svartur og ljótur. En Steingerður kvað hann vænan sýnum. – „Svört eru augun, systir, og það samir eigi vel", kvað ambáttin. Hann orti um þetta, og kannast við að augun séu svört, hárið dökkt og kinnarnar fölar, en segist þó hafa náð eins góðum tökum á stúlkunum og þeir, sem fallegri séu. Ambáttin spurði hann, hve mikið hann vildi gefa til þess, að kona hans hefði jafn fögur augu og jafn fagurt hár, sem Steingerður. Þá kvað hann vísu og ~~og~~ metur annað auga hennar til jafns við þrjú hundruð og hár hennar er fimm hundraða virði. Bjóst þá ambáttin við því, að hann mundi meta hana alla mikils. Þá orti hann vísu og segir að hún sé eins mikils virði og allt Ísland, England, Írland, Danmörk og Húnaland. Í einu kvæðinu til hennar segir hann, að hellur flyti eins létt á vatni sem korn, og fjöllin færist úr stað o.s.frv., fyrr en jafn fögur kona fæddist sem Steingerður. Þetta kallaði hún hól, en það sárnaði honum mjög. Hann tók hring af hendi sér og gaf henni, en hún þáði hann eigi, og bað tröll ~~að~~ hafa hann og gull hans.

Eitt sinn var vinfengi Steingerðar og Kormáks komið svo vel á veg, að brúðkaup þeirra var ákveðið. Kormákur kom eigi á réttum tíma, sökum framkvæmdarleysis að líkindum. Faðir hennar reiddist þessu og flýtti sér að gifta hana Hólmgöngu-Bersa ~~ríka~~ í Saurbæ. Steingerði var það nauðugt og sendi svein til Kormáks og bað hann að leysa sig frá því kvalræði

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að giftast þeim, er hún eigi unni. Maðurinn, sem hún sendi til unnusta síns, var tafinn á leiðinni, og var Steingerður gift Bersa þegar Kormákur kom til hennar. Hann átaldi Steingerði fyrir ótrygð, en hún sagði: „Þú ollir fyrir afbrigðum, Kormákur, en þetta var þó eigi ~~með~~ að mínum ráði gert." — Hann gekk þá á hólm við Bersa og særði hann ~~í [illegible]~~ svo að hann lá lengi í sárum. Sagði Steingerður síðan skilið við Bersa. ~~því að hún kvað hann með þessu vegabíta Rassa-Bersa~~. Seinna var hún gift Þorvaldi nokkrum tinteini, og átti hún hann viljug.

Kormákur var auðríkur og mjög tilfinninganæmur, drenglundaður og tryggur; þrátt fyrir festuleysi hans í ástamálum, gleymdi hann aldrei Steingerði. Hann var oft erlendis hjá ~~með~~ höfðingjum og orti um þá, t.d. Harald gráfeld og Sigurð Hlaðajarl. Hann féll fyrir vestan haf 35 ára gamall, árið 970.

Sth. 3. Njáll Þorgeirsson, (líkl. f. um 935), bjó að Bergþórshvoli í Landeyjum ~~í Rangárvöllum~~. Hann var djúpvitur spekingur og mestur lagamaður á sinni tíð. Heilráður var hann vinum sínum og drenglyndur, stilltur í lund og friðsamur. Það var ~~eins~~ og víkingseðli fornaldarinnar væri ~~ei~~ yfirbugað í hónum af hinum fleygum hugsunum um mannlífið og ráðgátur þess, ~~og tilveruna yfir höfuð~~. Hann horfði hærra og hugsaði dýpra en samtíma menn hans, þeir er spakvitrastir þóttu. Egill er skáldið af „guðsnáð", en Njáll er heimspekingurinn og

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

guðnæð. Hann hafði svo glöggan skilning á skapsmunaeðli og sálarlífi manna, að hann gat getið sér til, hvering þessi eða hinn talaði eða breytti, þegar svo og (svo) stóð á fyrir þeim; — var hann því forspár kallaður. Manna bezt skildi hann mannlegt eðli og tilfinningalíf, og las ókomna tíð úr fortíð og nútíð. ~~(Þegar hann þekti vel hvað sáð, sem sáð var, í þann og þann jörðveg, vissi hann hvað uppkæmi á hverjum stað)~~

Njáll átti þá konu, er Bergþóra hét, Skarphéðinsdóttir. Hún var skörungur mikill, skapstór og harðlynd, og eggjaði ~~(hún)~~ sonu sína oft til óheillaverka. Njáll átti þrjá sonu með henni: Skarphéðin, Grím og Helga. Skarphéðinn var þeirra elztur, stór og sterkur, ófriðsamur og álánlegur, skáldmæltur, skjótorður, gagnorður, og mesti orðhákur.

Njálssynir drápu Þráin Sigfússon, merkan mann, fyrir litlar sakir. Höskuldur, launsonur Njáls, var drepinn til hefndar fyrir það víg. Kona Þráins var Þorgerður, dóttir Hallgerðar langbrókar og Glúms. Eftir dauða Þráins tók Njáll Höskuld son Þráins til fósturs og gifti honum síðan Hildigunni Starkaðardóttur, bróðurdóttur Flosa að Svínafelli. Með aðstoð Njáls fékk Höskuldur einnig Hvítanesgoðorð. Höskuldur var ágætismaður, vinsæll og vel gerður til sálar og líkama. Njáll unni honum mikið, og féll lengi vel á með honum og sonum Njáls, þó var Skarphéðinn föðurbani Höskuldar. Valgarður hinn grái, ~~mesta mannfýla~~ gráðlyndur maður, eggjaði Mörð son sinn, að rægja þá saman, syni Njáls og Höskuld. Taldi hann víst, að ef Njálssynir drepi Höskuld, yrði þá svo margir til eftirmála, að það leiddi til stórtíðinda, og yrðu þeir þá allir drepnir.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Mörður var leikinn í því, að rægja menn saman og efla ófrið. Njálssynir voru trúgjarnir og skaplíkir móður sinni, einkum Skarphéðinn. En Höskuldur, ~~sem~~ var maður vitur og stilltur, (og) trúði engu illa um Njálssonu. Kvað hann Mörð aldrei segja svo ilt um þá, að hann trygði því, og væri því að skifta, að annað hvort félli hann fyrir þeim eða þeir fyrir honum, þá vildi hann mikla heldur þola dauða af þeim, en að gera þeim nokkurt mein. Þangað til var Mörður að rægja, að Njálssynir fóru að Höskuldi og drápu hann á akri sínum, ~~[illegible]~~ (Og var hann) þar að sá korni. Þegar hann féll mælti hann þessi orð: „Guð hjálpi mér, en fyrirgefi ykkur!“ Víg þetta mæltist illa fyrir, og varð orsök til „Njálsbrennu“ – Höskuldur var mönnum harmdauði, en engum þó sem Njáli. Kvaðst hann heldur hafa viljað missa svo sonu sína, ~~ef~~ Höskuldur lifði. Skarphéðinn spurði föður sinn, hvað eftir myndi koma. „Dauði minn, konu minnar og allra sona“, segir Njáll.

Hildigunnur eggjaði Flosa frænda sinn til hefn(da) eftir mann sinn, með dæmafáu grimdaræði. Hún var skaphörð kona en þó drenglynd; henni var vorkunn, því (að) Höskuldur var saklaus drepinn, og betri maður en flestir samtíma menn hans voru.

Vígsmál þetta fór til alþingis og var Flosi [illegible] sam aðili málsins. Reynt var að koma á sáttum, og horfðist vel á um tíma. ~~fyrir samkomulagi.~~ (En þeim Skarphéðni og Flosa varð sundur- orða þegar manngjöldin voru reidd fram. Hratt þá Flosi þeim og vildi ekki þiggja.) ~~Njáll taldi fram manngjöldin en lét sloður yfir silfrið. Flosi spurði hver hefði látið sloðurnar. Því gengdi loks Skarphéðinn og spurði hann~~

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

~~hver honum þótti líklegastur til~~ þess að hafa gefið þér. „Faðir þinn," ~~Karl hinn skegglausi," segir Flosi, „því að menn vita eigi, er hann sjá, hvort hann er heldur kona eða karlmaður." Skarphéðinn segir, að hann mætti það vita, að Njáll hefði átt sonu við konu sinni; tók hann síðan slæðurnar og kastaði til Flosa bláum brókum og sagði að hann þyrfti þeirra fremur. Flosi vildi vita hvernig á því stæði. Þá segir Skarphéðinn: „Ef þú ert ~~brúður~~ brúður Svínfellsáss, sem sagt er ~~(að)~~ hverja 9. nótt geri þig að konu." Flosi hratt þá þeim og vildi eigi þiggja.~~

Flosi stefndi nú öllum mönnum sínum uppí Almannagjá og sóru honum þar 100 menn ~~manna~~, að eigi skyldu þeir úr þessu máli skerast fyrr en yfir lyki með þeim.

Snemma í september (1011) reið Flosi með um 100 manna að Bergþórshvoli og kom þangað fyrir náttmál. Njáll stóð úti og synir hans, ásamt heimamönnum, nálega 30. Skarphéðinn vildi verjast úti, því að hann sá, að Flosi hikaði við að sækja að þeim úti. En Njáll vildi að allir gengi inn, því að húsin kvað hann sterk. Skarphéðinn sagði, að þeir mundu sækja þá með eldi, ef eigi ~~gæti~~ ynnist á annan hátt, og kvaðst ófúss, að láta svæla sig inni, sem melrakka í greni". Þá mælti Njáll: „Nú mun sem oftar, að þér munuð bera mig ráðum, synir mínir, og virða mig einkis. En þá er þér voruð yngri, gerðuð þér það eigi og fór yðvart ráð þá betur fram." Helgi kvað þeim best gegna að fylgja ráðum Njáls. En Skarphéðinn taldi það kopið því að hann sagði, að nú væri faðir þeirra feigur. En

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

27



Það kvaðst hann þó geta gert að skapi föður síns að brenna með honum inni, því að eigi hræddist hann dauða sinn. Gengu síðan allir inn og skipuðu sér í dyrnar. ~~En~~ Flosi og menn hans sóttu að þeim, en fengu engu til leiðar komið. Flosi sagði þá að nú væri um tvo kosti að ráða og hvorugur þeirra væri góður: annað hvort að hverfa frá eða brenna þá inni. ~~Hann~~ Sagði hann að það væri þeirra bani að hverfa frá, og hitt væri stórsynd, ~~og ábyrgðarhlutur~~ fyrir guði, því að þeir væri allir kristnir menn. En þann kostinn tók Flosi þó. — Honum var mikil vorkun eftir öllum málavöxtum; þrátt fyrir þetta var hann drengur góður. og Njálssynir áttu enga vægð skilið. — ~~Skyldi Njáll gamli eigi hafa verið á þeirri skoðun?~~

50. Flosi og menn hans gerðu mikinn eld fyrir dyrum, en konur slöktu jafnóðum með sýru, vatni eða hlandi. Báru þeir síðan eld í loft, sem var á þvertrjám í skálanum og loguðu húsin þá og brunnu skjótt. Flosi bauð Njáli og Bergþóru útgöngu; þau vildi hann með engu móti inni brenna; og útgöngu leyfði hann öllu heimilisfólki, nema Njálssonum og fáeinum öðrum. ~~leyfði hann útgöngu~~. Njáll vildi eigi ganga út, því að hann kvaðst maður of gamall til að hefna sona sinna (en við skömm vildi hann eigi lifa). Bergþóra vildi fylgja manni sínum; hún kvaðst ung hafa verið gefin Njáli, og þess hefði hún honum heitið, að eitt skyldi yfir þau bæði ganga. Kári Sölmundarson, tengdasonur Njáls fékk eigi leyfi til útgöngu. Þórður, sonur hans, var ungur og vildi eigi skilja við Bergþóru. og vildi heldur

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

brenna inni með henni og afa sínum. Þau lögðust síðan niður og höfðu drenginn í milli sín, en skráblaut uxahúð var breidd yfir þau. Þegar Skarphjeðinn sá þetta, segir hann: „Snemma fer faðir vor í rekkju, og er það sem von er — hann er gamall maður". Helgi Njálsson komst út með konum, en var drepinn ~~úti~~ fyrir utan dyrnar. Konur klæddu hann hálfnauðugan í kvenföt.

Skarphjeðinn og Kári tóku brandana, jafnskjótt og þeir duttu niður og skutu til þeirra sem úti voru. En Flosi og menn hans skutu spjótum inn til þeirra og tóku þeir Skarphjeðinn þau á lofti. Þegar þvertréð í skála~~num~~endanum var fallið og brunnið í miðjunni, stökk Kári með logandi setstokk út eftir þvertrénu, og kastaði síðan brandinum ofan af þekjunni til þeirra, er þar voru, en þeir hurfu frá; stiklaði hann svo með reyknum þar til hann kom að læk einum, og slökti þar eldinn í sér. Þegar Kári hljóp út, sagði einn brennumanna: „Hljóp þar einn út af þekjunni". „Fjarri fór það", sagði annar, „~~það er~~ þar kastar Skarphjeðinn, ~~sem kastar~~ eldstokk at oss." — Skarphjeðinn varð í millo gaflhlaðsins og þekjunnar; þar stóð hann upp við gaflhlaðið og mátti sig eigi hreyfa, en öxina: (~~Rim~~) „Rimmugýgi~~ne~~", hafði hann rekið svo fast í gaflinn, að hún var ókennd, þegar líkami hans fannst; ~~sem lítið eitt var brunnin neðan~~.

Sumarið eftir (1012) var brennumálið aðalmál á alþingi; ~~sem hlaut af því~~ Var það sögulegt, ~~og~~ mannfjölda ~~þeim sem þar var saman-komnum~~ svo mikill og þingið að það hefir verið kallað „þingið mikla".

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Flosi fékk Eyjólf Bölverksson, vestfirskan mann, ungan ótalandi og ~~lögfróðan~~ hinn lögfimasta til þess að ~~færa~~ flytja mál sitt á þingi, og gaf honum dýran gullhring fyrir. Aðal sóknaraðili brennumálsins var Þorgeir skorargeir og Þorleifur krákur, ~~því þeir voru~~ bræðrungar Njáls. Auk þess voru margir við málið riðnir. Þessir voru hinir helstu: Kári Sölmundarson, Ásgrímur Elliðagrímsson, aldavinur Njáls, Þórhallur, sonur Ásgríms, er hafði verið að fóstri með Njáli og ~~tók~~ numið lög af honum, Gissur hvíti, Hjalti Skeggjason og Mörður Valgarðsson; hann var ~~neyddur~~ kúgaður til að sækja Flosa um víg Helga Njálssonar.

Ásgrímur fór í liðsbón á þingi, og þótt bæði hann og ýmsir aðrir flokksmenn hans væru vel kynntir og nýtir menn, þá vildu fáir veita þeim verulega hjálp, en hinsvegar hefði mátt við. En mönnum þótti ~~[illegible]~~ málstaður brennumanna betri. Skafti Þóroddsson lögsögumaður neitaði um hjálp og svo gerðu fleiri. Snorri goði lofaði því einu, að verja Flosa og mönnum hans vígi í Almannagjá, ef þeir sæktu þangað, og einnig styðja Ásgrímsmenn, ef barist yrði, og veita honum greiðan aðgang ~~að~~ til vígis, hjá búðunum, í gjánni. Guðmundur á Möðruvöllum hét þeim einnig liði. Ef barist yrði, kvaðst hann mundi hafa Þorstein holmunn, tengdason sinn með sér, því að þá myndi Skapti lögsögumaður, faðir hans, reyna að stilla til friðar.

Málið var sótt og varið af miklu kappi og beitt ýmsum lagakrókum ~~á báðar hliðar~~ af beggja hálfu í sókn og vörn. Eyjólfur fékk ónýtt málið fyrir Merði hvað eftir annað, en þá voru ~~alltaf~~ [illegible] sótt ráð til Þórhalls Ásgrímssonar

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

er mestur var lögmaður í liði Ásgríms og flokksmanna hans.
Öll brennumálin gengu fram nema vígsmál í hendur Flosa, sem
Eyjólfur ónýtti fyrir Merði. Þórhallur lét stefna þeim Flosa og Eyjólfi
fyrir fimtardóm. En þá varð Merði það ~~sú skyssa~~ á, að hann gleymdi að
nefna sex ~~6~~ menn úr dómi, sem lög mæltu fyrir. Þá ónýtti Eyjólfur
málið og ætlaði þar á ofan að sækja Mörð um þingsafglöpun fyrir fimt-
ardómi. Þá var sent til Þórhalls, en hann ~~sem~~ lá sjúkur af fótarmeini í búð
sinni. Brá honum svo mjög við þessa frétt, að hann spratt upp
og skar úr fótarmeininu með spjóti sínu, svo að blóðið fossaði úr
sárinu. Gekk hann síðan beint til dómsins og drap þegar einn af frændum
Flosa á leiðinni. Þetta sá Kári og kvað það skömm mikla, ef engum
fyndi að hefna brennunnar nema Þórhalli. Þeir snera þá að mót-
stöðumönnum sínum og hófst þá orusta. Flosi og menn hans
hrukku áleiðis að ~~þ.~~ Almannagjá, en Snorri goði tók í móti þeim, og þaðan
urðu þeir reknir. Hallur af Síðu kemur þá með sína menn og vill
stilla til friðar. Þá var Ljótur sonur hans skotinn til bana. ~~Einnig~~
~~drap~~ Kári drap Eyjólf Bölverksson, og nokkrir aðrir féllu. Snorri goði
og Skapti Þóroddsson og Hallur af Síðu gengu í milli flokkanna og komu
á bráðabyrgðarsættum. Daginn eftir ~~Næsta dag á eftir~~ var gengið með sætta-
boð ~~á~~ milli manna. ~~og~~ Hallur af Síðu bauð að leggja son sinn
ógildan ef samkomulag fengist. En þingheimur kunni að meta
þetta göfugmannlega boð, og var honum bættur skaðinn með
fé, er safnað var á þinginu. Tólf menn gerðu um málin og var
Snorri goði fyrir gerðinni. Flosi og allir brennumenn skyldu vera utan
þrjá ~~3~~ vetur, nema 4 ~~menn ævilangt~~. Þeir áttu aldrei útkomu aftur.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Kári sættist eigi fyrir sína hönd, því að hann vildi hefna Þórðar sonar síns og Skarphéðins. Þorgeir skorargeir sættist heldur eigi, og drápu þeir Þorgeir og Kári marga af brennumönnum. En að lokum sættust þeir heilum sáttum við Flosa. Þeir Flosi og Kári urðu síðar vinir, voru báðir mikilsvirtir og þóttu ágætismenn.

4. <u>Gunnar Hámundarson</u> að Hlíðarenda (f. um 945) var langmestur íþróttamaður á söguöldinni. Hann skaut manna best af boga og hæfði það allt, er hann skaut til, og svo vó hann skjótt með sverði, að þrjú þóttu á lofti sjá. Meira en hæð sína stökk hann í herklæðum; einnig var hann vel syndur. En Gunnar var meira en íþróttamaður og hetja með afburðum. Hann var hreinhjartað göfugmenni, háttprúður og glæsilegur sýnum.

Kona Gunnars var Hallgerður langbrók, dóttir Höskulds Dalakollssonar, hálfsystir Ólafs pá. Hallgerður var + [X 35 eða 36 ára gömul, og] ekkja, þegar Gunnar fékk hennar. Fyrst var hún gift nauðug Þorvaldi Ósvífurssyni að Felli, og unni hún honum ekki. Þjóstólfur hét fóstri hennar, mesti óþokki, og var hann enginn skapbætir Hallgerðar. Þorvaldur barði hana eitt sinn. Drap Þjóstólfur hann nokkru síðar og var Hallgerði það eigi óljúft. Hún giftist aftur Glúmi Óleifssyni frá Varmalæk. Hallgerður elskaði Glúm mikið, en þó fór svo að Þjóstólfur drap hann fyrir kinnhest, er hann hafði veitt Hallgerði. Hún grét sárt, en bannaði Þjóstólfi að hefna þess. En þegar ~~[illegible]~~ Þjóstólfur hafði drepið Glúm, sendi hún hann til Hrúts frænda

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

32



og veitti Hrútur konum þegar bana.
sins í ~~opinn dauðann~~, og þar var ~~hann drepinn að makleikum~~

Hallgerður var fögur og tignarleg kona, en skaphörð, örlynd, stórlát, metnaðargjörn og langrækin. Hún var mikil vexti og því var hún langbrók kölluð. Hún var fagurhár og féll það um herðar henni og brjóst og svo mikið að hún mátti hylja sig með því. Hún var ~~einnig~~ hreinskilin, djörf-lynd, skemtileg í tali og aðlaðandi.

Þetta er sú ~~konan~~, sem langþyngsta dóma hefir fengið af öllum íslenskum konum. Hún mun hafa verið misskilin í lifanda lífi og fáir kunnað að fara með þessa miklu konu, svo að meira bæri á kostum hennar en göllum; og enn þann dag í dag er hún af flestum misskilin og hrak-yrt. Njála, saga ~~sagan sem~~ lýsir æfi hennar, og virðist halla mjög á hana, ~~hafa hana útundan~~, og segja eigi al-staðar rétt frá, það sem á hana er minnst. – Hér á þó eigi við, að kryfja þetta til mergjar.

Hallgerður hefir líklega elskað Gunnar í fyrstu~~nni~~, en vin-fengi hans við Njál og Bergþóru skemdi hjúskaparlíf þeirra. Gunnar og Njáll voru miklir vinir. Nokkru eftir það, að þau Gunnar og Hallgerður voru gift, bauð Njáll þeim í veislu að Berg-þórshvoli. ~~Nokkra~~ Hallgerði var boðið tignasta kvensætið, en með-an veislan stóð, kom Helgi Njálsson með konu sína að Bergþórshvoli. Bergþóra leiddi konu hans ~~hana~~ til sætis og bað Hallgerði þoka fyrir henni. Eigi vildi hún það og kvaðst engin hornkerl-ing vilja vera. „Því skal eg þó ráða," segir Bergþóra. Hall-

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

gerður leit á hönd Bergþóru og sagði að eigi væri kostamunur á henni og Njáli, því [að] hún hefði kartnögl á hverjum fingri, en Njáll væri skegglaus. Bergþóra sagði, að það gæfi þó hvorugt átyllu að sök, og eigi hefði Þorvaldur bóndi hennar verið skegglaus og hefði hún þó ráðið honum bana. Hallgerður reiddist og kvað [það] lítið ~~gera fyrir sig~~ [stoða sig], að eiga þann [mann að] vaskastan ~~mann~~ [væri] á Íslandi, ef Gunnar eigi hefndi þessa. Þá spratt Gunnar upp og sagði að maklegra væri Hallgerði að senna við heimamenn sína, en í annara húsum; og eigi kvaðst hann vilja gerast eggjunarfífl hennar. At skilnaði lofaði Hallgerður því, at þær Bergþóra og hún væri eigi skildar. Bergþóra sagði að hennar hlutur skyldi eigi batna við það. – Þær efndu loforð sín, ~~drápu~~ [létu drepa] menn hvor fyrir annari á víxl, en menn þeirra sættu og héldu vinfengi.

Það var ósæmilegt af Bergþóru, at sýna Hallgerði, er var gestur hennar, megna ókurteisi. Hallgerður átti að sitja í fyrirrúmi fyrir tengdadóttur Bergþóru, fyrst og fremst af því, að hún átti gestaréttinn, var í boði Bergþóru; í öðru lagi var hún búin að fá þetta sæti og í þriðja lagi var Hallgerður meiri virðingarkona en tengdadóttir Bergþóra. – Rétt var það af Gunnari að fara heim með Hallgerði, en eigi átti hann að ~~sneypa hana~~ [ámæla henni] (opinberlega); hún var of geðrík og mikil kona til þess at þola það. – Þyngri voru brigslyrði Bergþóru en Hallgerðar. – Skyldi Bergþóra hafa sparað sig við Njál, og hann hefði borið hana og hrakyrði.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Einn vetur skorti marga bæði hey og mat, því að árferði[...] Gunnar hjálpaði þurfamönnum þar til hann sjálfan bar uppá. Þá fór hann til Otkels í Kirkjubæ og bað hann að selja sér hey og mat. Otkell kvaðst hvorttveggja hafa, en eigi selja: „Gef þú þá," segir Gunnar, „og eigðu undir hverju eg launa þér"; þessu neitaði Otkell, en bauð honum þræl til kaups. Gunnar keypti þrælinn; hann var mesti gallagripur og hét Melkólfur. Þegar Njáll frétti þetta, sendi hann að Hlíðarenda hey á 15 hestum og mat á fimm. – Bergþóra hvatti Njál til þessa.

Þetta sumar reið Gunnar til alþingis og segir sagan, að Hallgerður hafi látið Melkólfs þræl stela smjöri og osti úr Kirkjubæ, á meðan ~~maður~~ bóndi hennar var á þingi. Þrællinn týndi hníf sínum og belti á leiðinni, sem Otkell fann og þekkti; þannig vitnaðist það hver verkið hafði unnið.

Þegar Gunnar kom heim af þingi voru margir þingmenn með honum og þágu mat að Hlíðarenda. Hallgerður bar smjör og ost á borð, en Gunnar vissi þess matar eigi von og spyr því Hallgerði, hvaðan sá matur væri. Hún sagði að hann mætti vel éta, enda væri það eigi karlmannaverk, að annast um matreiðu. Gunnar reiddist og kvað það illt, ef hann væri þjófsnautur og ~~gaf~~ laust hann síðan kinn~~högg~~hest. Þetta högg kvaðst hún skyldu launa ef hún mætti.

F. Otkell í Kirkjubæ var vitgrannur og illgjarn, og leiksoppur í höndum sér verri ~~og vitrari~~ manna: Skamkels og Marðar. Þeir voru báðir ~~[illegible]~~ lygnir, illgjarnir, ódreng-

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur